

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps hefur samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*Deiliskipulag þjónustusvæðis og áningarstaðar við Dettifoss.*

Deiliskipulagið tekur til þjónustusvæðis við Dettifoss þ.e. verslunar- og þjónustusvæðis 521-V samkvæmt aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Deiliskipulagssvæðið, sem er á sveitarfélaga-mörkum, teygir sig að nokkru leyti inn í Norðurþing og hefur hlotið samhlíða málsméðferð í báðum sveitarfélögum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir áningarstað og bílastæðum og auk þess er afmörkuð lóð fyrir alhliða þjónustumiðstöð fyrir ferðamenn allt að 1.200 m<sup>2</sup> að stærð.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 26. september 2013.

*Deiliskipulag Skútustaðagíga.*

Deiliskipulagið tekur til friðlýsts svæðis Skútustaðagíga, Stakhólstjarnar og svæðis austan hennar, samtals um 70 ha svæðis. Í deiliskipulaginu er skilgreind lega göngustíga og staðsetning áningarstaða, settir eru skilmálar um uppbyggingu m.a. timburpalla og skilta auk þess sem sett eru ákvæði um minjar.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn 13. mars 2014.

*Deiliskipulag Hverfjalls/Hverfells.*

Skipulagið tekur til friðlýsts svæðis Hverfjalls/Hverfells og er um 313 ha að stærð. Í deili-skipulaginu felst að skilgreina og setja skilmála um aðkomusvæði og bílastæði og byggingarreit fyrir salernishús.

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn 13. mars 2014.

Fyrrgreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið málsméðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

*Mývatnssveit, 8. apríl 2014.*

**Bjarni Reykjalin**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2014